



Ársskýrsla 2015

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Inngangur | 2 |
| Um Birtu | 2 |
| Stjórn og stjórnarfundir | 3 |
| Starfsmannahald | 4 |
| Samstarfsaðilar | 5 |
| Þjónustuleiðir | 5 |
| Starfsemin á árinu | 6 |
| Yfirlit yfir námskeið, hópastarf og fræðslu sem var í boði á árinu | 6 |
| Einstaklingsmiðuð úrræði | 8 |
| Vinnuprófur | 9 |
| Þjónustunotendur | 10 |
| Kynjaskipting | 11 |
| Búseta þátttakenda og samgöngur | 11 |
| Aldursdreifing | 12 |
| Meðallengd endurhæfingar á heildstæðum endurhæfingarlínnum | 12 |
| Árangur endurhæfingar hjá þeim sem hættu eða luku endurhæfingu á árinu 2015..... | 13 |
| Matslistar | 14 |
| Lokaorð | 14 |

Inngangur

Í eftirfarandi skýrslu verður gerð grein fyrir starfsemi Birtu Starfsendurhæfingar Suðurlands á sjötta starfsári stofnunarinnar, 2015.

Um Birtu

Birta, starfsendurhæfing á Suðurlandi, er sjálfseignarstofnun sem stofnuð var þann 19. maí 2009. Stofnaðilar Birtu eru; Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, Sveitarfélagið Árborg, Hveragerðisbær, Rangárþing ytra, Sveitarfélagið Ölfus, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Heilsustofnun NLFÍ, Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Suðurlandi, Vinnumálastofnun á Suðurlandi, Fjölbrotaskóli Suðurlands, Fræðslunet Suðurlands, Stéttarfélagið Báran, Verkalýðsfélag Suðurlands, Verkalýðsfélagið FOSS, Verslunarmannafélag Suðurlands, Félag iðn- og tæknigreina, Festa lífeyrissjóður, Lífeyrissjóður Rangæinga og Árnesingadeild Rauða Kross Íslands. Hlutverk Birtu er að bjóða upp á heildstætt úrræði í starfsendurhæfingu fyrir einstaklinga sem eru að glíma við heilsubrest og eru að stefna aftur út á vinnumarkaðinn. Markmið Birtu skv. skipulagsskrá eru að; endurhæfa þátttakendur til vinnu, auka lífsgæði einstaklinga og fjölskyldna þeirra, stuðla að því að þátttakendur verði virkir í samfélaginu að endurhæfingu lokinni, s.s. við vinnu, nám eða önnur verkefni og að endurhæfing geti farið fram í heimabyggð. Hugmyndafræði Birtu byggir á svonefndu „Húsavíkurmódeli“. Þróun þess hófst á Húsavík skömmu eftir aldamótin 2000 með samvinnu fagfólks félagsþjónustu, heilbrigðiskerfis og menntakerfis og leiddi til stofnunar BYRS starfsendurhæfingar sem síðar varð Starfsendurhæfing Norðurlands. Hugmyndafræðin gengur út á það að einstaklingar komi sjálfir að sinni endurhæfingu með virkum hætti og að í endurhæfingunni sé unnið með þá þætti sem þeir telja hindra þátttöku sína á vinnumarkaði. Einstaklingum er hjálpað að finna styrkleika sína og vinna með þá. Í upphafi endurhæfingar, og síðan við hverja endurnýjun á beiðni frá Virk, er sett upp endurhæfingaráætlun þar sem fram kemur hverjir áhersluþættir endurhæfingarinnar hjá Birtu eru. Mikil þróun hefur verið í starfsendurhæfingarmálum á Íslandi á þeim árum sem Birta hefur starfað. Í upphafi starfseminnar var þjónustusamningur við ríkið en frá og með janúar 2014 hefur verið þjónustusamningur við VIRK Starfsendurhæfingarsjóð. Starfsemi Birtu er í stöðugri þróun í takt við þær áherslur sem eru ríkjandi hverju sinni. Fjármögnun Birtu kemur frá VIRK með annars vegar föstu mánaðarlegu framlagi til að tryggja að starfsemin geti verið til staðar á Suðurlandi og hins vegar með sölu á

endurhæfingarúrræðum til VIRK. Birta hefur verið staðsett í þekkingarsetrinu Fjölheimum á Selfossi frá og með janúar 2013. Þar eru skrifstofur forstöðumanns og ráðgjafa, auk aðstöðu til kennslu og hópstarfs. Fyrsti hópurinn hjá Birtu hóf starfsendurhæfingu sína þann 1. febrúar 2010 og fagnaði Birta því 5 ára afmæli sínu á árinu 2015. Samningur við VIRK var endurnýjaður á árinu og gildir hann frá 1. júlí 2015 – 31. desember 2016. Nokkrar breytingar voru gerðar frá fyrri samning og hann einfaldaður á margan hátt út frá þróun á samstarfi VIRK og starfsendurhæfingarstöðva á gildistíma fyrri samnings. Leiðum í endurhæfingu hjá starfsendurhæfingarstöðvunum var fækkað og þær samræmdar milli stöðva. Nú eru í boði tvær meginleiðir; mat á stöðu einstaklings og einstaklingsmiðuð þverfagleg starfsendurhæfing. Stök úrræði sem Birta býður auk þess upp á eru; hreyfing með stuðningi íþróttá- og heilsufræðings, hreyfing – sumarúrræði og eftirfylgd.

Stjórn og stjórnarfundir

Stjórn Birtu er kjörin á ársfundi og er skipuð fimm fulltrúum stofnfélaga og fimm til vara. Þrjú stjórnarmenn eru kjörnir til tveggja ára og tveir til eins árs. Engar breytingar urðu á stjórn Birtu á ársfundinum 2015 en Árný Erla Bjarnadóttir hjá FOSS og Þór Hreinsson hjá Bárinni komu inn sem varamenn.

Formaður:

Ragnheiður Hergeirsdóttir, Vinnumálastofnun.

Varamaður: Olga Lís Garðarsdóttir, Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Ritari og varaformaður:

Sigurlín Guðný Ingvarsdóttir, Festa lífeyrissjóður.

Varamaður: Þröstur Sigurðsson, Lífeyrissjóði Rangæinga.

Meðstjórnendur:

Anna Margrét Guðmundsdóttir, Heilsustofnun NLFÍ.

Varamaður: Árný Erla Bjarnadóttir, FOSS stéttarfélagi.

Gils Einarsson, Verslunarmannafélagi Suðurlands.

Varamaður: Þór Hreinsson, Bárinni stéttarfélagi.

María Kristjánsdóttir, Hveragerðisbær.

Varamaður: Anný Ingimarsdóttir, sveitarfélaginu Árborg.

Frá síðasta aðalfundi hafa verið haldnir tveir stjórnarfundir. Forstöðumaður og formaður stjórnar hafa verið í reglulegu sambandi á starfsárinu.

Starfsmannahald

Fastir starfsmenn Birtu þetta starfsár voru:

Sandra Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi og með viðbótarmenntun í mannauðsstjórnun, gegndi starfi forstöðumanns og ráðgjafa í 100% starfshlutfalli.

Elísabet Kristjánsdóttir, íþrótt- og heilsufræðingur, gegndi starfi verkefnastjóra og ráðgjafa í 60% starfshlutfalli.

Kristín Bragadóttir, sálfræðingur var í 10% starfshlutfalli við kennslu á námskeiðum.

Svanhildur Inga Ólafsdóttir, félagsráðgjafi í 70% starfi í maí og júní og 50% starfi frá og með ágúst, í ráðgjöf.

Auk þess að sinna ráðgjöf og utanumhaldi með endurhæfingu þátttakenda kenna starfsmenn á námskeiðum og veita sérfræðiráðgjöf á sínu sviði.

Þrjú félagsráðgjafanemar voru í starfsnámi hjá Birtu á árinu 2015. Tveir í lengra starfsnámi frá miðjum janúar og út apríl, þær Halla Dröfn Jónsdóttir og Svanhildur Inga Ólafsdóttir, báðar búsettar á Selfossi, og einn í styttra starfsnámi, Valgerður Ágústsdóttir, búsett í Grindavík.

Starfsmenn sóttu eftirtalin námskeið, ráðstefnur og málþing á starfsárinu:

- Kynning á samstarfi HSU og HNLFI v/geðheilbrigðismála, 30. janúar
- Félagsráðgjafafélag, 19. febrúar.
- Málþing hjá Virk, Virkur vinnustaður, 5. maí.
- Málþing um geðheilbrigðisþjónustu á Suðurlandi, 7. maí
- Ráðstefna um atvinnumál fatlaðra, 21. maí
- Málþing um starfsendurhæfingu og starfsgetumat, 21. maí
- Námskeið í hugrænni atferlismeðferð við kvíða hjá fullorðnum hjá endurmenntun HÍ, 5. október
- Málþing um meðvirkni hjá Lausninni, 12. október
- Haustfundur starfsendurhæfingarstöðva, 5.-6. nóvember

- Afmælistálfing Janusar endurhæfingar, 12. nóvember

Samstarfsaðilar

Helstu samstarfsaðilar Birtu eru VIRK, Fræðslunet Suðurlands, ráðgjafar hjá sveitarfélögum, ráðgjafar hjá Vinnumálastofnun, heimilislæknar, náms- og starfsráðgjafar við Fjölbrautaskóla Suðurlands, félagasamtök og fyrirtæki/stofnanir á Suðurlandi. Samráðsfundir með ráðgjöfum VIRK á Suðurlandi eru haldnir að jafnaði á þriggja vikna fresti.

Gott samstarf er einnig við aðrar starfsendurhæfingarstöðvar á landinu sem starfa eftir sömu hugmyndafræði og Birta. Á árinu 2015 var haldinn einn fundur, haustfundur starfsendurhæfingarstöðva og var hann í Hafnarfirði í þetta skiptið.

Þá er í gangi samstarfsverkefni innan Fjölheima varðandi fimmtudagsfyrirlestra sem haldnir eru í Fjölheimum síðasta fimmtudag í hverjum mánuði. Þátttakendur í Birtu sjá um að elda og selja súpu og er ágóðinn notaður í óvissuferðir. Verkefnið þjálfar þátttakendur í skipulagningu og félagsfærni og hefur tekist mjög vel.

Þjónustuleiðir

Leiðir í endurhæfingu samkvæmt þjónustusamningi sem var í gildi á tímabilinu 1. september 2013 – 30. júní 2015 voru:

- **Grunnlína.** Heildstæð þverfagleg endurhæfingarlína.
- **Námstengd lína.** Eins uppbyggð og grunnlínan en þátttakendur voru í námi samhliða endurhæfingunni.
- **Heilsulína I, II og III.** Heilsulína var í þremur útfærslum; heilsulína I fól í sér hreyfingu og einn fyrirlestur á viku, heilsulína II fól í sér hreyfingu og tvo fyrirlestra á viku og heilsulína III fól eingöngu í sér hreyfingu hjá íþrótta- og heilsufræðingi.
- **Endurkoma á vinnumarkað.** Úrræði sem var hugsað í lok endurhæfingar þegar þátttakendur höfðu að mestu lokið námskeiðum hjá Birtu og voru byrjaðir í eða tilbúnir til að byrja í vinnuprufum eða launuðu starfi.

Við gerð nýs samnings milli VIRK og Birtu sem tók gildi 1. júlí 2016 og gildir til 31. desember 2016 voru leiðir í endurhæfingu einfaldaðar og samræmdar á milli starfsendurhæfingarstöðva og eru nú eftirfarandi leiðir í boði:

- **Mat á stöðu og starfsendurhæfingarmöguleikum.** Um er að ræða þjónustu í 1-3 mánuði eftir markmiðum hverju sinni. Þjónustan hefur það að markmiði að meta raunhæfi þess að hefja markvissa starfsendurhæfingu. Þátttaka einstaklings telst m.a. fullnægjandi ef honum tekst að mæta og taka þátt í þjónustu sem nemur 12-15 tímum á viku.
- **Einstaklingsmiðuð þverfagleg endurhæfingarlína.** Þjónustan nemur að lágmarki 15-20 tímum á viku og inniheldur bæði einstaklingsmiðaða þjónustu og hópúræði í samræmi við niðurstöður úr matsferli VIRK.
- **Hreyfing með stuðningi íþróttá- og heilsufræðings.** Þjálfun með stuðningi íþróttá- og heilsufræðings 2x í viku í þrjá mánuði. Þátttakendur fá kort í líkamsræktarstöð sem þeir geta notað að vild.
- **Hreyfing – sumarúræði.** Gefur þátttakendum kost á að halda áfram í hreyfingu meðan lokað er hjá Birtu vegna sumarleyfa.
- **Eftirfylgd.** Þriggja mánaða úrræði sem er hugsað í lok endurhæfingar þegar þátttakendur hafa að mestu lokið námskeiðum hjá Birtu og eru byrjaðir í eða tilbúnir til að byrja í vinnuprufum eða launuðu starfi.

Starfsemin á árinu

Boðið var upp á fjölbreytt námskeið og fræðslu á árinu. Námskeiðin voru ýmist skipulögð og kennd af starfsfólki Birtu, Fræðsluneti Suðurlands eða fagfólki sem Birta fékk til sín til að vera með námskeið.

Yfirlit yfir námskeið, hópstarf og fræðslu sem var í boði á árinu

- **Heilsuefning með stuðningi fagaðila:**
 - Lífsstíll heilsa.
 - Sumarlífsstíll.
- **Líkamsrækt með stuðningi fagaðila:**
 - Þjálfun í tækjasal 2x í viku.
 - Slökun, jóga, hugleiðsla og ganga í bland yfir allt árið.
- **Hópmeðferð með fagaðila:**
 - Kvíðanámskeið
 - Streita og svefn

- Bætt andleg líðan með sálfræðingi
- Iðjuþjálfun
- Gjörhygli
- Sjálfsvinna með félagsráðgjafa
- **Námskeið/fræðsla í hóp:**
 - Hópfundir
 - Framsögn&tjáning/leiklist.
 - Sjálfsefningarnámskeiðið Besta svarið
 - Tölvunámskeið
 - Efling í starf
 - Fjármálanámskeið
 - Draumar og Drekar
 - Baujan sjálfstyrkingarnámskeið
 - Lestur og ritun
 - Adhd námskeið
- **Skapandi starf / verkleg námskeið**
 - Glerlist hjá Hendur í höfn, byrjenda og framhaldsnámskeið (fjögur skipti á námskeiði).
 - Matreiðsla
 - Málað á bolla (stakt skipti)
 - Brjóstsykurgerð (stakt skipti)
 - Konfektgerð (stakt skipti)
- **Stakir fyrirlestrar:**
 - Fyrirlestur um áfengis- og vímuefnamál.
 - Heilbrigð heilsuráðgjöf.
 - Mikill hlátur og smá grátur, frásögn konu sem hefur verið að glíma við krabbamein.
 - Fyrirlestur um netfíkn: Er barnið/unglingurinn eða við sjálf að hverfa í veröld internetsins?

Rík áhersla er lögð á hreyfingu og heilsuefningu hjá Birtu. Margar rannsóknir sýna fram á mikilvægi reglulegrar hreyfingar sem hluta af meðferð og endurhæfingu vegna þunglyndis og

stoðkerfisvandamála. Hreyfing er oft áhrifaríkasta inngripið til að rjúfa vítahring verkja, vanlíðunar, svefn- og rútínuvanda. Þátttakendur fá einstaklingsmiðaða ráðgjöf og utanumhald hjá íþrótt- og heilsufræðingi sem starfar hjá Birtu. Boðið er upp á líkamsrækt í tækjasal tvisvar í viku, göngu einu sinni í viku nema yfir háveturinn og jóga eða slökun reglulega yfir árið. Þátttakendur fara reglulega í þolpróf til að fylgjast með árangri og boðið er upp á líkamsmælingar og ráðleggingar varðandi mataræði. Yfir sumartímann er farið í göngur út fyrir Selfoss, t.d. í Prastaskóg. Mætingar í líkamsrækt eru upp og ofan, sumum gengur illa að koma sér af stað á meðan öðrum gengur mjög vel og auka fljótlega virkni sína með því að fara sjálf aukalega. Til að bregðast við og hvetja þátttakendur til að mæta betur í líkamsræktina er Birta reglulega með mætingaráskoranir í líkamsrækt og eru verðlaun í boði. Mætingaráskorunin er þannig að fyrir hverja mætingu fer nafn viðkomandi í pott sem svo er dregið úr. Því fleiri mætingar, því meiri möguleikar. Fyrirtæki á Selfossi hafa stutt við bakið á Birtu og hafa t.d. Sportstöðin og Intersport á Selfossi gefið vinninga.

Að styrkja og efla þátttakendur félagslega er eitt af markmiðunum með heildstæðri endurhæfingu hjá Birtu. Er það gert með þátttöku í starfinu hjá Birtu. Boðið er upp á fjölbreytt námskeið og fræðslu sem miðar að því að efla og styrkja þátttakendur bæði andlega, líkamlega og félagslega. Hópefli er mikilvægur þáttur í starfinu og reglulega er starfið brotið upp með því að gera eitthvað skemmtilegt, t.d. með stuttum námskeiðum í konfekt- eða brjóstsykurgerð eða farið á kaffihús. Haldið er Birturace og grillveisla ár hvert í maí/júní þar sem keppt er í liðum við að leysa ýmsar þrautir og svo er grillað saman í lokin á íþróttavellinum. Birtubandið var stofnað fyrir jólin 2014 en í því eru bæði núverandi og fyrrum þátttakendur í Birtu sem eiga það sameiginlegt að hafa áhuga á tónlist og syngja eða spila á hljóðfæri. Birtubandið heldur tónleika á Hendur í Höfn kaffihúsi í samvinnu við Dagnýju Magnúsdóttur, sem er með námskeið fyrir Birtu í glervinnslu, tvisvar á ári. Einnig var farin dagsferð með nesti í Prastaskóg þar sem börnum þátttakenda var boðið með. Í júní 2015 fór hópurinn í óvissuferð á Stokkseyri fyrir afrakstur súpusölu vetrarins, þar sem farið var á kajak og borðuð humarsúpa á Fjöruborðinu. Í desember var farið í óvissuferð til Reykjavíkur þar sem farið var í lasertag og skemmtigarðinn í Smáralind.

Einstaklingsmiðuð úrræði

Sú breyting var gerð á þjónustusamningnum við VIRK á árinu 2015 að Birta tók aftur við að greiða fyrir einstaklingsmiðaða þjónustu sem var greidd af VIRK á gildistíma fyrri samnings.

Frá og með haustinu 2015 greiddi Birta ýmis einstaklingsbundin úrræði eins og t.d. sálfræðiviðtöl, viðtöl hjá sjálfstætt starfandi félagsráðgjafa, sjúkráþjálfun, fjármálaráðgjöf, iðjuþjálfun, nám og námskeið sem miðuðu að því að efla starfsfærni og styrkja stöðu viðkomandi gagnvart vinnumarkaðinum.

Yfirlit yfir einstaklingsmiðuð úrræði og námskeið greidd af Birtu, fjöldi einstaklinga í sviga:

- Hljóðsmiðja I og II hjá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (1).
- Nám á félagsliðabrégu (1).
- Nám í menntastöðum (1).
- Nám á leikskólaliðabrégu (1).
- Nám við Fjölbrotaskóla Suðurlands (1).
- Námskeið í kvikmyndahandritagerð við Endurmenntun HÍ (1).
- Námskeið hjá Lausninni, frá kynferðisofbeldi í heilbriggt samband (4).

Vinnuþrúfur

Vinnuþrúfur eru hluti af heildstæðri endurhæfingu hjá Birtu. Flestir fara í vinnuþrúfur eftir að hafa lokið vinnumarkaðstengdu námskeiði (Efling í starf) hjá Birtu. Vinnuþrúfur eru í flestum tilvikum í lok endurhæfingar en í endurhæfingarferlinu fá einstaklingar hvatningu til að takast á við frekari áskoranir eftir því sem þeir eru tilbúnir til, þar á meðal að stíga skrefið út á vinnumarkaðinn. Vinnuþrúfur eru mikilvægur hluti endurhæfingar og æskilegast væri að þeir sem eru ekki að fara aftur í sitt fyrra starf við lok endurhæfingar ættu þess kost að fara í vinnuþrúfu sem hluta af aðlögun út á vinnumarkaðinn á ný. Í flestum tilvikum hefur það reynst vel að útvega þátttakendum vinnuþrúfur. Það er tvímælalaust kostur að vera úti á landsbyggðinni þar sem stutt er í allt og tengslanetið gott til að finna samstarfsfyrirtæki/-stofnanir. Þessi hluti endurhæfingarinnar er í hvað mestri þróun.

Alls fóru 14 einstaklingar í vinnuþrúfur á vegum Birtu á árinu 2015 á fimmtán vinnustaði, samanboreið við 11 árið áður, eða 36% þátttakenda í heildstæðri endurhæfingu. Um ólaunaða vinnuþrúfu var að ræða nema annað sé tekið fram. Fyrirtækin/stofnanirnar sem þátttakendur fóru í voru:

- Sveitarfélagið Árborg – Ráðhús– móttaka.
- Sveitarfélagið Árborg – Ungmennahús – stuðningsfulltrúi.
- Sólning – starfsmaður á dekkjaverkstæði.

- HP kökugerð – almennur starfsmaður.
- Vallaskóli – skólavistun – teikninámskeið.
- Vallaskóli – skólavistun – stuðningsfulltrúi.
- Vallaskóli – mötuneyti.
- Samkaup Úrval – verslunarstörf.
- Sunnulækjarskóli – stuðningsfulltrúi.
- Sunnulækjarskóli – skólavistun.
- Búsetuúrræði Vallholti 12-14 – stuðningsfulltrúi.
- Árvirkinn – nemi í rafvirkjun (fyrst ólaunuð vinnuprufa og síðan starfsþjálfunarsamningur í gegnum VMST).
- Leikskólinn í Þorlákshöfn – starfsmaður á leikskóla.
- VISS verndaður vinnustaður Þorlákshöfn.
- Austurbæjarskóli – leiklistarkennsla (launað starf).

Fimm einstaklingar fengu áframhaldandi starf í kjölfar vinnuprufu. Einn einstaklingur var í launuðu starfi samhliða endurhæfingu. Vinnuprófanir gengu mis vel, hjá þremur þátttakendum gengu vinnuprufur ekki upp. Einn fór annað vegna þess að starfið sem hann fór fyrst í var of erfitt líkamlega og tveir hættu vegna mikils kvíða.

Þjónustunotendur

Á árinu 2015 voru samtals 51 þátttakendur í endurhæfingu hjá Birtu, flestir voru á matslínu og endurhæfingarlínu, eða 39 þátttakendur, sem gerir 76%. Samanborið við árið 2014 er fjöldi þátttakenda svipaður yfir árið, en þeir voru 54 á árinu 2014.

Yfir árið voru að meðaltali 27 þátttakendur í endurhæfingu í hverjum mánuði. Á vorönn voru að meðaltali 28 einstaklingar í endurhæfingu í hverjum mánuði og á haustönn 26, sjá nánar í töflu 1 hér að neðan. Á árinu 2014 voru að meðaltali 22 þátttakendur í endurhæfingu í hverjum mánuði. Fjöldi þátttakenda á árinu 2014 var örlítið hærri en 2015, en brottfallið var meira 2014. Það voru því færri þátttakendur að meðaltali í hverjum mánuði.

Tafla 1. Fjöldi einstaklinga í endurhæfingu eftir mánuðum á árinu 2015.

| | Jan | Feb | Mars | Apríl | Maí | Júní | Ágúst | Sep | Okt | Nóv | Des |
|---------------------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|
| Endurhæfingarlína | 14 | 16 | 20 | 21 | 22 | 22 | 18 | 20 | 20 | 21 | 22 |
| Matslína | | | | | | | 1 | 4 | 2 | 2 | 2 |
| Heilsulínur I og II | 2 | 5 | 8 | 8 | 10 | 8 | 1 | 1 | | | |
| Hreyfing | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | 1 | 3 | 3 | 3 |
| Eftirfylgd | | | | | | | | | 1 | 1 | 1 |
| Samtals: | 18 | 23 | 30 | 31 | 34 | 32 | 21 | 26 | 26 | 27 | 28 |

Kynjaskipting

Kynjaskipting þátttakenda á árinu 2015 var þannig að konur voru 67% þátttakenda og karlar 33%, en það er í fyrsta skipti frá upphafi starfseminnar sem konur eru í svo miklum meirihluta. Á árinu 2014 var kynjaskiptingin jafnari, konur voru 54% þátttakenda og karlar 46%.

Búseta þátttakenda og samgöngur

Flestir þátttakendur á árinu 2015 búa í Árborg eða 66% þátttakenda, næst flestir komu frá Þorlákshöfn, eða 18%. Aðrir komu frá Flóahreppi (1), Bláskógabyggð (3), Hellu (1) og Hvolsvelli (3). Sjá nánar hvernig búseta þátttakenda skiptist eftir sveitarfélögum í töflu 2.

Tafla 2. Búseta þátttakenda á árinu 2015.

| | | |
|---------------|----|-----|
| Árborg | 34 | 67% |
| Flóahreppur | 1 | 2% |
| Þorlákshöfn | 9 | 18% |
| Bláskógabyggð | 3 | 6% |
| Hellu | 1 | 2% |
| Hvolsvöllur | 3 | 6% |

Þeir sem hafa ekki aðgang að einkabíl þurfa að treysta á almenningssamgöngur eða aðra með að komast í endurhæfinguna og það getur verið hamlandi þáttur í endurhæfingunni. Almenningsamgöngur á Suðurlandi eru stopular og gengur strætó helst í tengslum við upphaf

og lok Fjölbrautaskólans, þ.e. er kominn á Selfoss kl. 8 og fer yfirleitt ekki fyrr en kl. 16. Endurhæfingin byrjar milli kl. 9 og 10 og er yfirleitt búin í kringum 14.30-15 og því þurfa þátttakendur sem koma langt að, að verja þó nokkrum tíma í bið. Sumum finnst það lítið mál og nýta sér m.a. aðstöðuna í Fjölheimum en fyrir suma getur þetta verið erfitt, sérstaklega þá sem eru að glíma við mikinn kvíða.

Aldursdreifing

Flestir þátttakendur í Birtu eru á aldrinum 20-39 ára eða 89% þátttakenda. Flestir þátttakendur eru á aldersbilinu 20-24 ára eða 29% þátttakenda, næst flestir eru á aldersbilinu 30-34 ára eða 22% þátttakenda, næst koma þeir sem eru á aldersbilinu 35-39 ára, en það eru 20% þátttakenda og svo 18% þátttakenda á aldersbilinu 25-29 ára. Sjá nánar í töflu 3 hér fyrir neðan.

Tafla 3. Aldursdreifing þátttakenda.

| Aldursbil | Fjöldi | % |
|--------------|-----------|-------------|
| 18-19 | 1 | 2% |
| 20-24 | 15 | 29% |
| 25-29 | 9 | 18% |
| 30-34 | 11 | 22% |
| 35-39 | 10 | 20% |
| 40-44 | 1 | 2% |
| 45-49 | 2 | 4% |
| 50-54 | 2 | 4% |
| | 51 | 100% |

Meðallengd endurhæfingar á heildstæðum endurhæfingarlínunum


Fjöldi einstaklinga á heildstæðum endurhæfingarlínunum á árinu 2015 var 39 (grunnlína á fyrri helmingi ársins og matslína og endurhæfingarlína á seinni helmingi ársins). Alls luku eða hættu 18 þátttakendur endurhæfingu á árinu. Meðallengd endurhæfingar hjá þeim sem luku eða hættu í endurhæfingu á árinu 2015 voru 11 mánuðir. Sá sem var styðst var í 1 mánuð og sá sem var lengst var í 22 mánuði. Í töflu 4 má sjá lengd endurhæfingar hjá þessum 18 einstaklingum.

Tafla 4. Lengd endurhæfingar hjá þeim sem hættu eða luku endurhæfingu á árinu 2015.

| Fjöldi mánaða í endurhæfingu | Fjöldi |
|------------------------------|-----------|
| 1-3 mánuðir | 3 |
| 4-6 mánuðir | 3 |
| 7-10 mánuðir | 3 |
| 11-14 mánuðir | 1 |
| 15-19 mánuðir | 7 |
| 20-24 mánuðir | 1 |
| Samtals | 18 |

Árangur endurhæfingar hjá þeim sem hættu eða luku endurhæfingu á árinu 2015

Átján einstaklingar luku eða hættu í endurhæfingu á árinu 2015, þar af tíu karlar og átta konur. Af þeim fóru níu í vinnu eða nám, eða 50% þeirra þátttakenda sem luku endurhæfingu. Til samanburðar var hlutfallið 45% á árinu 2014. Fimm einstaklingar fóru í örorkumat. Fjórir eru komnir með örorkumat þegar þessi skýrsla er skrifuð og einn er enn í örorkumati. Sjá nánar á mynd 1 hér fyrir neðan.



Mynd 1. Staðan við lok endurhæfingar hjá þeim sem hættu eða luku endurhæfingu á árinu 2015.

Þeir einstaklingar sem fara ekki út á vinnumarkaðinn að svo stöddu fá hvatningu og ráðleggingar til að halda áfram að vinna með heilsubrest sinn og til að vera áfram í virkni. Fjórir einstaklingar hættu vegna veikinda eða skorts á getu til að stunda endurhæfingu að svo

stöddu, eða 10% af öllum þáttakendum á heildstæðum endurhæfingarlínunum. Árið 2014 var brottfallið 22% þannig að það er heldur minna á árinu 2015.

Matslistar

Ýmsir matslistar eru notaðir í endurhæfingarferli einstaklinga. Hjá VIRK er nú í meira mæli farið að skima alla sem koma inn í þjónustu. Niðurstöður þeirra mælinga eru síðan notaðar til að meta og ákvarða þjónustupörf viðkomandi og eru því leiðbeinandi fyrir fagaðila í endurhæfingu. Þeir matslistar sem notaðir eru hjá Birtu til að meta vanda og mæla árangur eru Heilsutengd lífsgæði og ASEBA sjálfsmats- og aðstandendalistar. Heilsutengd lífsgæði eru lögð fyrir þátttakendur með reglulegu millibili (á u.þ.b. 3ja mánaða fresti) og notaðir í viðtölum til að fylgja eftir þeim vanda sem einstaklingar eru að vinna með og þróuninni í endurhæfingunni. Ef viðkomandi er ekki að sýna bata varðandi einstaka þátt er hægt að vinna frekar með þann vanda og grípa inn í á viðeigandi hátt. ASEBA listar eru notaðir til að greina betur vanda einstaklinga.

Lokaorð

Í lok árs 2015 er Birta að ljúka sínu 6. starfsári. Mikil þróun hefur verið á sviði starfsendurhæfingar á þeim tíma sem Birta hefur starfað. Árið 2015 einkenndist af jafnvægi í starfseminni. Þó nokkur fjölgun varð á þjónustunotendum í hverjum mánuði eða úr 22 þátttakendum að meðaltali árið 2014 í 27 þátttakendur að meðaltali á árinu 2015. Til að bregðast við þessari fjölgun og minnka álag á ráðgjafa, sem var töluvert, var aukið við stöðugildi ráðgjafa um 50%. Nýr samningur var gerður við VIRK á árinu sem að mati ráðgjafa hjá Birtu einfaldaði þjónustuna og gerði endurhæfinguna heildstæðari þar sem Birta sér nú um að skipuleggja og halda utan um innihald endurhæfingar og þanta þau úrræði sem þjónustunotendur þurfa, eins og var áður en fyrsti þjónustusamningurinn var gerður við VIRK. Árangur endurhæfingarinnar var nokkuð góður, 50% þátttakenda sem luku eða hættu í endurhæfingu á árinu fóru í vinnu eða nám. Hjá þeim sem ekki komust út á vinnumarkaðinn hefur virknin aukist við það að taka þátt í endurhæfingu og vonandi hefur þátttakan í endurhæfingunni hvetjandi áhrif á viðkomandi til að halda áfram að vinna með heilsu sinn. Aðstæður geta svo auðveldlega breyst í lífinu og tækifæri skapast til að fara aftur út á vinnumarkaðinn og þá er svo mikilvægt að hafa getu til að bregðast við og nýta tækifærin.

Sandra Guðmundsdóttir, forstöðumaður Birtu

Maí 2016